

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1334/2013**

2014/EES/36/10

frá 13. desember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 að því er varðar nafn leyfishafa og ráðlagðan skammt blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Danisco France SAS hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 ⁽²⁾.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að hann hafi framselt markaðsleyfið fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) til Danisco (UK) Ltd og að sá síðarnefndi eigi nú markaðssetningarréttinn fyrir þetta aukefni.
- 3) Markmiðið með umsókninni er einnig að gera það kleift að setja föðuraukefnið á markað í styrk sem er fimmfalt hærrí en lágmarksstyrkleikinn. Til að tryggja að lágmarks- og hámarksinnihaldið, sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1290/2008, sé virt þarf að breyta ráðlögðum skammti á hvert kíló af heilföðri.
- 4) Fyrirhuguð breyting á handhafa leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Það síðarnefnda var leyft á grundvelli

álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽³⁾. Síðari beiðni um breytingu á ráðlögðum skammti er í samræmi við sama álit og felur ekki í sér nýtt mat. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

- 5) Til þess að aðlagast núgildandi venjum ætti að fella viðskiptaheitið brott úr reglugerð (EB) nr. 1290/2008.
- 6) Til að gera Danisco (UK) Ltd kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfis.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1290/2008 til samræmis við það.
- 8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 með þessari reglugerð af öryggisástæðum, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1290/2008

Reglugerð (EB) nr. 1290/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í titlinum falli orðið „(Sorbiflore)“ brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 14.12.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) sem föðuraukefni (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20).

⁽³⁾ Álit visindanefndarinnar um aukefni og afurðir eða efni, sem notuð eru í föður (FEEDAP), að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um öryggi og verkun vörunnar Sorbiflore, blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* og *Lactobacillus farciminis*, sem föðuraukefnis fyrir smágrísi. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 771, 1–13.

2) Viðaukanum er breytt sem hér segir:

- a) Í öðrum dálki komi „Danisco (UK) Ltd“ í stað „Danisco France SAS“.
- b) Í þriðja dálki falli orðið „(Sorbiflore)“ brott.
- c) Í níunda dálki komi eftirfarandi í stað 2. liðar:

„2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 5×10^8 flúrljómunareiningar (FU)“.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Fyrirliggjandi birgðir, sem hafa verið framleiddar og merktar fyrir 3. janúar 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 3. janúar 2014, má áfram setja á markað og nota til 3. júlí 2014.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
